

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Athafnasvæði við Víkurhvarf. Deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 9. október 2003 tillögu að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis við Víkurhvarf í norðanverðu Vatnsendahvarfi. Í breytingunni felst að einni lóð innan svæðisins er skipt upp í átta lóðir. Á sex lóðanna verða 2ja hæða hús með aðkomu ýmist að neðri hæð eða báðum hæðum en á tveimur lóðum verða vöruskemmur með möguleika á skrifstofuhæð. Aðkoma að lóðunum verður frá nýrri húsagötu innan svæðisins. Tilagan gerir ráð fyrir að heildarbyggingarmagn svæðisins haldist óbreytt.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. var Skipulagsstofnun sent samþykkt deiliskipulag. Í bréfum Skipulagsstofnunarinnar dags. 8. janúar 2004 og 19. september 2005, er bent á ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 4.18.2 vegna jarðsprungu sem kom í ljós á einni af fyrirhuguðum lóðum innan deiliskipulagsvæðisins. Í greinargerð Verkfræðistofunnar Línuhönnunar dags. 6. september 2005, vegna framangreindrar ábendingar, er rökstutt, eftir úttekt á sprungu, að með ákveðnum ráðstöfunum við burðarþolshönnun og grundun mannvirkja er hægt að bregðast við og lágmarka skemmdir ef til hreyfinga kæmi. Um frekari upplýsingar vísast til greinargerðar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda deiliskipulagsáætlun og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8.00 til 14.00.

Kópavogi, 20. september 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.